

Reykjavík 11.03.2024

Umsögn

517. máli: dánaraðstoð

Til Velferðarnefndar

Frá: Guðjóni Sigurðssyni, formanni MND á Íslandi

Kæru nefndar og flutningsmenn,

Á meðan ríki og sveitarfélög draga lappirnar við að aðstoða fólk við að lifa, þá vara ég við að opna á leið fyrir fólk að koma sér úr erfiðum skorti á umönnun með því að velja að deyja frekar en að umönnun lendi öll á nánustu ættingjum.

Allt of mörg dæmi sýna að fólk notar þessa leið til að sleppa sýnum nánustu undan þrælahaldi ríkis og sveitarfélaga, það er að þau verði bundin yfir umönnun, án launa í mörg ár, eins og dæmin sanna. Hér er frásögn af stúlku frá Kanada sem valdi þessa leið: https://www.cbc.ca/news/canada/manitoba/sathya-dharma-kovac-als-medical-assistance-in-death-1.6605754?fbclid=IwAR0MUcCcvZY_S8xkWHrKCWARTpBuLovEg7HdBCb-OKJ5czSHxnct_jCAD1s

Þetta er þörf umræða og engum vil ég svo illt að þjást að óþörfu, en ég bið um að tryggt sé að þetta verði aldrei notað í þeim tilgangi sem nefnt er hér að ofan.

Virðingarfyllt

Gaui